

5. september 1980.

809

Nr. 508.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 279 24. júní 1980
um sérstakt tímabundið vörugjald.

1. gr.

Neðangreint tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar:
38.17.00.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Gúmmigjald samkvæmt lögum nr. 79/1974, byggingariðnaðargjald samkvæmt lögum nr. 64/1965, jöfnunargjald samkvæmt lögum nr. 83/1978, sérstakt tímabundið aðlögunargjald samkvæmt lögum nr. 58/1979 og sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex samkvæmt lögum nr. 66/1980 skulu þó ekki teljast gjaldstofn við útreikning á hinu sérstaka vörugjaldi við innflutning.

3. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Af innfluttum vörugjaldsskyldum vörum, sem tollar féllu almennt niður af frá og með 1. janúar 1980 samkvæmt 1. gr. tollskrárlaga, en ráðuneytið hafði fyrir þann tíma felld sérstaklega niður tolla af samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. tollskrárlaga í þeim tilvikum þar sem um innflutning á efnivöru var að ræða til nota við framleiðslu á innlendri framleiðsluvöru, skal með sama hætti og verið hefur og að uppfylltum settum skilyrðum samkvæmt viðkomandi heimildum veita undanþágu frá greiðslu vörugjalds. Sama skal gilda um vörugjaldsskyldar vélar, tæki og varahluti sem heimilt var fyrir 1. janúar 1980 að fella niður tolla af samkvæmt reglum þar að lútandi settum samkvæmt sömu heimild.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33 29. maí 1980 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 5. september 1980.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.